

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 2/2021 vegna kvörtunar um fjárhæð fargjalds.

I. Erindi og niðurstaða Samgöngustofu

Þann 30. júlí 2020 barst Samgöngustofu (SGS) kvörtun frá A (kvartandi). Kvartandi átti bókað far með flugi Norwegian (NA) nr. D86941 frá Keflavík til Tenerife þann 26. mars 2020. Engin seinkun var á flugi kvartanda.

Kvartandi átti upphaflega bókað far með flugi nr. D85941 á vegum NA frá Keflavík til Kanaríeyja þann 26. mars 2020, fluginu var aflýst vegna lokunar landamæra Spánar sem kom til vegna kórónuveirufaraldursins. Enginn ágreiningur er fyrir hendi varðandi það flug og hefur NA endurgreitt kvartanda flugfargjaldið.

Kvörtunarefnið í þessu máli er fjárhæð fargjaldsins sem kvartandi greiddi fyrir far með flugi nr. D86941 sem hann telur hafa verið of dýrt. SGS hefur ekki ákvörðunarvald til að taka afstöðu til fjárhæðar fargjalds á grundvelli reglugerðar EB nr. 261/2004 um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem er neitað um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sbr. reglugerð nr. 1048/2012 um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum í flugi sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst, seinkað eða flýtt eða vegna tapaðs farangurs eða tjóns á honum. Af því leiðir að kvartandi verður að leita réttar síns varðandi fjárhæð fargjaldsins á öðrum vettvangi. Með vísan til framangreinds er kröfu kvartanda vísað frá.

Ákvörðunarorð

Kvörtun kvartanda er vísað frá í ljósi þess að kvörtunarefnið fellur ekki undir gildissvið EB reglugerðar nr. 261/2004, sbr. reglugerð nr. 1048/2012.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins skv. 3. mgr. 126. gr. c. loftferðalaga nr. 60/1998 og 18. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík 4. júní 2021

Vala Hrönn Viggósdóttir

Andri Rúnar Gunnarsson